



Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir

Efni: *Heilbrigðisþjónusta heim/sérhæfð heilbrigðisþjónusta – tillögur til úrbóta á vanda bráðamóttöku Landspítalans*

Þann 17. apríl 2020 barst heimaþjónusta Reykjavíkur, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Landsspítala tölvupóstur, með afriti á Sjúkratryggingar Íslands, frá heilbrigðisráðuneytinu. Þar kemur fram að átakshópur um lausnir á vanda bráðamóttöku Landspítalans skilaði heilbrigðisráðherra skýrslu í febrúar sl. þar sem tilgreindar voru ellefu tillögur til úrbóta.

Ráðherra hefur ákveðið að tillögunum skuli hrint í framkvæmd. Ekki er gert ráð fyrir viðbótarfjármagni til stofnananna vegna þessa heldur skal þjónustunni forgangsraðað í þágu tillaganna og notuð sú þekking og mannaflí sem stofnanirnar hafa yfir að ráða nú þegar.

Tillögur númer fimm og átta snúa að sérhæfðri heilbrigðisþjónustu heim:

5. *Heilbrigðisþjónusta heim - sérhæfð heimaþjónusta við veika aldraða verði tekin upp þegar í stað. Þjónustan komi til framkvæmda 1. júní 2020.*
8. *Heilbrigðisþjónusta heim – kannað verði hvort þörf sé á auknum læknisfræðilegum stuðningi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við heimahjúkrun í Reykjavík. Verði gert sem fyrst.*

Í ljósi aðstæðna í samfélaginu hefur innleiðing þessara tillagna tafist en að mati ráðuneytisins er mikilvægt að koma þeim til framkvæmda eins fljótt og auðið er. Í tölvupóstinum fer ráðuneytið þess á leit að heimaþjónusta Reykjavíkur leiði verkefnið í samstarfi við Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins (HH) og Landspítala (LSH) og að sameiginlegri útfærslu á tillögunum sé skilað til ráðuneytisins eigi síðar en 12. maí nk.

Við þá vinnu verði eftirfarandi atriði skoðuð eða höfð í huga eftir atvikum:

- *Athuga hvort skynsamlegt sé að byrja með eitt teymi sem fengi aðstöðu hjá HPR eða HH.*

- *Mögulega gæti þetta verið þróunarverkefni þar sem reynsla svipaðra verkefna er nýtt.*
- *Leggja áhersla á svæði þar sem þörfin er mest.*
- *Hugsanlega þyrfti teymið að vera hreyfanlegt og þjóna fleiri en einu hverfi.*
- *Nýta hugsanlega nýjar tæknilausnir við veitingu þessarar þjónustu.*
- *HPR veiti aðgang að sínu heilbrigðisstarfsfólki á svæðinu og hugsanlega eitthvað fleira s.s. aðstöðu fyrir teymið.*
- *HH veiti aðgang að lækniþjónustu og jafnvel öðru heilbrigðisstarfsfólki innan dagvinnutíma og hugsanlega eitthvað fleira s.s. aðstöðu fyrir teymið.*
- *Að LSH veiti aðgang að lækniþjónustu utan dagvinnutíma og sérhæfðri lækniþjónustu s.s. öldrunarlæknum og hugsanlega eitthvað fleira.*

Velferðarssviðs Reykjavíkurborgar, svaraði erindinu með tölvupósti, dags. 27. apríl. Þar kemur fram að skrifstofa öldrunar- og húsnæðismála á velferðarsviði muni leiða verkefnið í samstarfi við Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins (HH) og Landspítala (LSH) og skila sameiginlegri útfærslu á tillögnum til ráðuneytisins eigi síðar en 12. maí nk.

Ábyrgðaraðili er Berglind Magnúsdóttir og verkefnastjóri verkefnis fyrir hönd velferðarsviðs er Margrét Guðnadóttir doktorsnemi í öldrunarhjúkrun. Auk þess munu Berglind Víðisdóttir og Lilja Petra Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingar á sömu skrifstofu vinna að þessu verkefni.

Fylgiskjöl:

Tölvupóstur frá heilbrigðisráðuneytinu, dags. 17 apríl 2020

Tillögur átakshóps um lausnir á þeim vanda sem birtist á bráðamóttöku Landsspítala.